

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Reykjavík 18. mars 2021

**Efni: Umsögn Ráðgjafarhóps umboðsmanns barna um frumvarp til breytingar á lögum um grunnskóla (kristinfræðsla), mál nr. 141.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn ráðgjafarhóps umboðsmanns barna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.

*Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er skipaður börnum á aldrinum 12 til 17 ára. Hópurinn er opinn öllum börnum á Íslandi og hittist reglulega í þeim tilgangi að fræðast um málefni tengd réttindum barna, og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.*

Í frumvarpinu sem hér um ræðir er lagt til að á undan orðinu „trúarbragðafræði“ í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/2008 komi: „kristinfræði og“. Nái þessar breytingar fram að ganga mun heiti námsgreinarinnar trúarbragðafræði verða breytt í kristinfræði og trúarbragðafræði. Í greinargerð kemur fram að með þessum breytingum eigi að auka veg kristinfræðikennslu í grunnskólum landsins eins og verið hafi fyrir gildistöku grunnskólalaga, nr. 91/2008 en námsgreinin kristinfræði sé ekki lengur til. Jafnframt kemur fram að flutningsmenn séu þeirrar skoðunar að taka eigi tillit til þeirra trúarbragða sem hafi verið ráðandi í mótun menningar okkar og séu ríkjandi í samfélaginu. Ekki sé hægt að skilja menningu okkar nema að hafa þekkingu á kristnum gildum og svokölluð fjölmenningshyggja komi þar ekki í staðinn.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna er mótfallinn þeim breytingum sem hér eru lagðar fram. Kristni er trú líkt og önnur trúarbrögð og því er óþarft að tiltaka hana sérstaklega fram yfir önnur trúarbrögð. Þannig er aukin áhersla á kristni ekki til þess fallin að draga úr fordómum gagnvart öðrum trúarbrögðum heldur mun fremur að auka þá. Jafnræðis er betur gætt með því að tala um trúarbragðafræði sem tekur þá til trúarbragða almennt án þess að tilgreina sérstök trúarbrögð svo sem kristni. Þá er mikilvægt að kennarar gæti hlutleysis við kennslu trúarbragða og dragi ekki upp öfgakenndar myndir af þeim. Kristinfræði og kristnitaka á Íslandi er ekki aðeins kennd í trúarbragðafræði heldur einnig í öðrum áföngum, m.a. íslensku og sögu, bæði í grunn- og framhaldsskólum og með hliðsjón af því er enn frekar ekki þörf á því að leggja sérstaka áherslu á kennslu kristni fremur en kennslu annarra trúarbragða. Þá er mikilvægt að líta til þess að rætur menningar okkar eru ekki aðeins komnar frá kristni heldur einnig öðrum þáttum svo sem norrænni goðafræði.

Virðingarfyllst,

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna